

## 7.bekkur – Leiklist

### Kennari: Elín Sveinsdóttir

Í leiklist er lögð áhersla á að nemendur kynnist aðferðum listgreinarinnar og geti nýtt tæki hennar til að dýpka skilning á sjálfum sér og samfélaginu sem við búum í. Nemendur fá tækifæri til að vinna saman að sínum eigin hugarefnum, setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi skólans. Leiklist reynir auk þess stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun og líkams- og raddbeitingu.

Áhersla er lögð á að örva og styrkja ímyndunarafl og sköpunargleði nemenda og gefa hverjum og einum tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri. Í leiklist geta nemendur unnið út frá sínum forsendum og þannig nýtt styrkleika sína og styrkt veikleikana.

#### Samvinna

Nemendur vinna mikið saman í hópum, þar er lögð áhersla á að allir beri virðingu fyrir hvort öðru. Allir nemendur koma með mismunandi hugmyndir, nemendur verða að læra að hlusta á hugmyndir annarra og vinna með þær.

#### Rödd/Tjáning

Leiklistarstofan er öruggt umhverfi til þess að tjá sig með rödd og líkama. Nemendur fara í allskonar leiki, gera æfingar og fara með texta sem vinna að raddbeytingu og tjáningu.

#### Sögugerð

Hópavinna þar sem nemendur búa til sögur. Læra mikilvægi uppbyggingu sagna, upphaf, miðja og endir. Sögur geta verið margskonar, lögð er áhersla á að nemendur finni tilgang og boðskap sögunnar og að það skili sér til áhorfenda.

#### Persónusköpun

Hér læra nemendur að búa til persónu sem að er með sína eigin baksögu og vinna með hana í margvíslegum verkefnum. Hér er mikilvægt að persónan sé með skýran persónuleika. Tekið er viðtal við persónurnar, þær lenda saman í atriðum. Nemendur læra hvernig sterkir persónuleikar geta haft áhrif á umhverfið.

#### Handritsgerð

Hópavinna þar sem nemendur skrifa handrit, handritin eru stutt og hnitmiðuð. Samtöl milli einstaklinga sem hittast við margskonar aðstæður.

#### iPad

Unnið með forritið iMovie. Nemendur búa til stuttmynd. Þar eru skýrir persónuleikar og söguþráðurinn þarf að vera skýr.

#### Spuni

Nemendur fara á svið án þess að skipuleggja atriði. Áhorfendur segja til um hvar persónurnar eru og hvað er að gerast. Nemendur spinna atriði út frá því. Þarna er farið í mikilvægi staðsetningar á sviði og raddbeitingu. Allskonar atriði verða til, skemmtileg og

leiðinleg. Sumar hugmyndir er hægt að nota og halda áfram með aðrar ekki. Hérna er lögð áhersla á að nemendur þori að tjá sig án undirbúnings.

### Ævintýrið okkar

Í tveimur hópum vinna nemendur markvisst við gerð á ævintýri. Þar þurfa hóparnir að búa til persónur, búa til söguþráð og leika sitt eigið verk á sviði. Að búa til ævintýri og setja það á svið er góð þjálfun í samskiptum og samvinnu. Nemendur fá tækifæri til þess að notast við búninga, búa til sviðsmynd og ef allt gengur vel eru ævintýrin sýnd fyrir kennara á aðra nemendur.

### Hæfniviðmið, í lok 7.bekkjara getur nemandi:

áttað sig á persónulegum einkennum fólks og yfirfært þau á skáldaða persónu. Skapað trúverðuga persónu og viðhaldið einkennum hennar í leiknu atriði.

beitt einföldu formi leiklistar, s.s. spuna og nýtt í vinnu sinni.

skrifað stutt handrit með skýru upphafi, miðju og endi.

unnið í hóp að fjölbreyttum leiklistarverkefnum og miðlað þeim á margvíslegan hátt.

nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu

nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur

beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. skuggaleikhúsi, látbragðsleik, kyrrmyndum)